

Alþingi
Erindi nr. P 139/2870
komudagur 3.6.2011


3. júní 2011

Nefndasviðs Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um flutning Landhelgisgæslunnar til Reykjanesbæjar

Meðfylgjandi er umsögn undirritaðs samkvæmt beiðni samgöngunefndar Alþingis um þingsályktunar um flutning Landhelgisgæslunnar til Reykjanesbæjar, 534. mál.

Virðingarfyllt,



Jón Viðar Matthíasson,
slökkviliðsstjóri
Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins.

Umsögn
um tillögu til þingsályktunar um
flutning Landhelgisgæslunnar til Reykjanesbæjar, 534. mál.

Jón Viðar Matthíasson,
slökkviliðsstjóri
Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins.

Dagsett 3. júní 2011.

Björgunarmiðstöðin í Skógarhlíð – skrifstofur og aðgerðastöð LHG

Undirritaður telur að staðsetning daglegrar starfsemi björgunaraðila, þar á meðal Landhelgisgæslu Íslands, í Björgunarmiðstöðinni í Skógarhlíð hafi margsannað sig og að það væri stórt skref afturábak að flytja einhvern aðila þaðan, ekki síst stórann aðila eins og LHG. Mikilvægt er að aðgerðarmiðstöð LHG sé í nánnum tengslum við aðrar aðgerðamiðstöðvar og væri frekar að horfa til frekara samstarfs og jafnvel sameiningu þeirra, frekar en að flýttja einhverja þeirra úr miðstöðinni.

Áður en Björgunarmiðstöðin í Skógarhlíð varð að veruleika voru viðbragsaðilar með starfsemi sína á mörgum stöðum og margar stjórnstöðvar voru í gangi í björgunaraðgerðum. Eftir aðgerðir var eitt helsta umfjöllunarefnið að auka þyrfti samstarf viðbragsaðila og fækka stjórn-stöðvunum. Með það að leiðarljósi hófst uppbyggingin í Skógarhlíð með það að markmiði að auka samstarf, sameina og fækka stjórnstöðvum og tryggja mönnun þeirra frá upphafi aðgerða. Almannaþing Ríkisins komu m.a. að undirbúningnum og lögðu mikla áherslu á að setja upp sameiginlega aðgerðamiðstöð í húsinu, Samhæfingarmiðstöðina (SST), með góð tengsl við daglegar stöðvar s.s. Neyðarlínu og Fjarskiptamiðstöð lögreglu. Landhelgisgæslan (LHG) var síðasti björgunaraðilinn til að koma að björgunarmiðstöðinni, en reynsla sem skapaðist frá fyrsta degi Björgunarmiðstöðvarinnar sýndi styrk þess að koma björgunaraðilum í sama hús og veikleika þess að stór aðila eins og LHG vantaði inn í það samstarf. Því varð niðurstaðan að LHG kom einnig inn í miðstöðina, skrifstofur og stjórnstöð hennar.

Björgunarmiðstöðin hefur margoft sannað hlutverk sitt. Dagleg nálægð viðbragsaðila hefur aukið samstarf, skilning og traust á milli aðila. Við minni, en oft lífsbjargandi aðgerðir, þar sem margir björgunaraðilar þurfa að koma að, hafa fljót og örugg samskipti tryggt rétt viðbrögð og fyrirbyggt misskilning. Styrkur miðstöðvarinnar hefur ekki síður sannað sig við stærri, langar og mannaflsfrekar aðgerðir s.s. við eldgosíð í Eyjafjallajökli. Fyrstu viðbrögð eru samræmd með aðkomu helstu viðbragsaðila frá fyrstu mínútum, Aflið í miðstöðinni, með öllu því starfsfólki sem þar er við dagleg störf, er nýtt til ýmissa starfa þegar frá upphafi. Vegna staðsetningar á höfuðborgarsvæðinu er stutt í aðra sem koma að aðgerðum eða upplýsingaöflun vegna þeirra s.s. vegagerðina, flugmálayfirvöld, veðurstofuna o.s.f. Jafnframt hefur nálægð við stjórnsýsluna og yfirstjórn landsins skipt miklu um í þessu sambandi.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins á fulltrúa í stjórn Samhæfingarstöðvarinnar, en hún fjallaði á síðasta fundi sínum um málefni Björgunarmiðstöðvarinnar og er unnið að bókun á hennar vegum. Bókunin hefur ekki verið samþykkt, en drög hennar hljóma á þessa leið:

„Stjórn Samhæfingar- og stjórnstöðvar (SST) leggur áherslu á að þeirri mikilvægu starfsemi sem komið hefur verið upp í Björgunarmiðstöðinni í Skógarhlíð verði ekki raskað komi til þess að einhver hluti þeirrar starfsemi sem þar er nú verði fluttur þaðan. Á höfuðborgarsvæðinu er mesta aflið til staðar, nálægð við stjórnsýsluna, yfirstjórn landsins og fjölmiðla. Sú ráðstöfun að hafa allar vakt- og stjórnstöðvar í leitar-, björgunar- og almannavarnamálum á sama stað á höfuðborgarsvæðinu, hefur margoft sannað gildi sitt, ekki síst við stóra atburði s.s. við gosið í Eyjafjallajökli. Allar breytingar á þessu fyrirkomulagi væru líklegar til að draga úr öryggi borgaranna.“

Undirritaður tekur heilshugar undir áhyggjur og drög stjórnar SST.

Þyrlu- og flugstarfsemi LHG

Undirritaður telur það kost að þyrlu- og flugstarfsemi LHG sé á höfuðborgarsvæðinu í tengslum við stærstu sjúkrahúsin og viðbragðsaðila svo sem við Slökkvilið höfuð-borgarsvæðisins. Þetta ekki síst út frá þeirri staðreynd að við stærri atburði þarf oft að flytja björgunaðila á vettvang s.s. við hópslys, eiturefni, slökkvistarf á sjó o.fl. Einnig telur undirritaður að tækifæri séu til aukins samstarf sem m.a. geti leitt af sér hagræðinu s.s. með nýtingu á bráðataeknum SHS til þyrluútkalla. Þessi samvinna er sérstaklega mikilvæg m.t.t. aukinnar skipaferða hringum landið t.d. vegna með tilkomu nýrra skipaleiða.

Þarfnast ekki nánari skýringar.

Skipastarfssemi LHG

Samstarfsfletir við skipastarfssemi LHG hafa verið fáir og ekki þannig að staðsetning þeirrar starfssemi hafi skipt sköpun. Því hefur undirritaður ekki skoðun á staðsetningu þeirrar starfsemi.